

## **Fundargerð 6. fundar hreppsnefndar Ásahrepps haldinn að Laugalandi kl. 15**

**9. september 2014.** Mætt eru Egill Sigurðsson, Renate Hannemann, Nanna Jónsdóttir, Karl Ölvisson og Elín Grétarsdóttir mætti á fundinn undir lið 6.

Björgvin G. Sigurðsson ritaði fundargerð.

Egill Sigurðsson oddviti setti fund og stjórnaði honum.

1. Fundargerð 5. fundar hreppsnefndar Ásahrepps kynnt.
2. **Kerfisbundin tæming rotþróa.** *Möguleikar til þess að standa að tæmingu rotþróa innan sveitarfélagsins með kerfisbundnum hætti ræddir. Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að útfæra slíka þjónustu og leita eftir samvinnu við nágrannasveitarfélög. Samræmd tæming á vegum Sorpstöðvar Rang. Ásahreppur hefur verið með kerfisbunda tæmingu annað hvert ár. Hugmyndin í samstarfinu við SR er tæming 3. hvert ár. Tæmingin yrði boðin út í heild sinni með samningi um aukatæmingar og gæti haft talsvert hagræði í för með sér og sparnað.*
3. Fyrirhuguð lagning háspennulínu yfir Sprengisand. Fyrirætlanir Vegagerðarinnar og Landsnets um lagningu nýs vegar og háspennulínu yfir Sprengisand ræddar, en fyrir nokkru fór hreppsnefnd og sveitarstjóri í kynnisferð um væntanleg veg- og línustæði á vegum þeirra. Um er að ræða 200 km háspennulínu þar sem möguleiki er á 50 km í jörð en það er tæknilega óframkvæmanlegt að leggja lengri kafla í jörð á umræddri vegalengd. Rétt um helmingur heildarleiðarinnar liggur um Holtamannafrétt. Rætt um kosti, kostnað og galla einstakra leiða við línulagningu.
4. Fundagerðir til samþykktar.
  - a. Fundargerð Skipulagsnefndar frá 28.8. kynnt. Liður 7, málsnúmer 201408175589. Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu Skipulagsnefndar um nýja lóð úr landi Ásmundarstaða.
  - b. Liður 8. Málsnúmer 201408355588. Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu Skipulagsnefndar á tveimur lóðablöðum sem varða virkjanasvæði Búðarhálsvirkjunar.

- c. Liður 9. Málsnúmer 201408255587. Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu Skipulagsnefndar á 0,5 hektara lóð undir gangamannahúsið við Hald á Holtamannafrétti.
- d. Liður 2. Málsnúmer 201302444606. Hreppsnefnd samþykkir að fela Skipulagsfulltrúa að auglýsa að nýju tillögu að deiliskipulagi 7 nýrra íbúðarhúsalóða úr landi Króks.
- e. Fundargerð aðalfundar Fjallskiladeildar Holtamannafréttar samþykkt.
- f. Fundargerð Umhverfisnefnar Ásahrepps samþykkt.

5. Fundargerðir til kynningar.

- a. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands 158. Fundur haldinn 29. ágúst.
- b. Fundur í stjórn Þjónustusvæðis fyrir fatlað fólk, fundargerðir 7. og 8. funda.
- c. Fundargerð stjórnar Lundar 3. sept 2014.
- d. Fundargerð Félags-og skólaþjónustunnar 26.8.
- e. Fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu 29.8.
- f. Fundargerð aðalfundar Brunavarna Rangárvallasýslu 28.8.
- g. Fundargerð stjórnar Fjallskiladeildar með fulltrúum LV 3.9.

6. Innsend erindi og bréf.

- a. Beiðni frá Eydísi Hrönn Tómasdóttur og Víði Rey Þórssyni í Kastalabrekku um að fræðslunefnd fjalli aftur um erindi þeirra þess efnis að börn þeirra fái að fara í Grunnskólann á Hellu í stað Laugalandsskóla og fengið verði álit fulltrúa Skólaþjónustu Rangárvallasýslu og Vestur Skaftafellssýslu um hvort fagleg rök séu til að heimila að börnin gangi í skólann á Hellu í stað Grunnskólans á Laugalandi.  
Samþykkt að senda beiðni til fræðslunefndar um endurupptöku málsins á forsendum 5. gr. reglna um skólahverfi Laugalandsskóla og Grunnskólans á Hellu um að faglegt mat skuli fara fram á því hvort

forsendur séu til staðar að börnin gangi í Grunnskólann á Hellu. Rétt er að taka fram að fyrri ákvörðun fræðslunefndar um höfnun á beiðninni var samþykkt bæði í hreppsráði Rangárþings ytra og sveitarstjórn Ásahrepps. Vegna ákvæðis um að slík ákvörðun skuli eftir atvikum byggjast á skriflegu mati fagaðila/sérfræðings Skólaþjónustunnar er fallist á að beina því til fræðslunefndar að slíkt mat fari fram og þess að matið fari fram hið fyrsta. Það samþykkt samhljóða.

- b. Fyrirspurn frá Gunnarsson ehf. um hvort Ásahreppur gefi afslátt á gjöldum vegna nýbygginga atvinnuhúsnæðis, en félagið hyggst byggja við hesthúsið á Litlalandi. Ekki hefur verið gefinn afsláttur á byggingu atvinnuhúsnæðis, að auki teljast hesthúsbyggingar ekki til atvinnuhúsnæðis skv. skilgreiningu laga.
- c. Óskað er eftir svari við því hvort Ásahreppur ætli að lækka leikskólagjöld um 25% frá 1. september, frá Kristínu Ósk Ómarsdóttur á Sjónarhól.  
Vinna við fjárhagsáætlun næsta árs er að hefjast og þá verður rekstur leikskólans kostnaðarmetinn til framtíðar. Þar til fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt liggur ekki fyrir hve mikið og hvort leikskólagjöld lækka til framtíðar en rétt er að benda á að máltíðir í leikskóla eru foreldrum að kostnaðarlausu.
- d. Óskað var eftir tilboðum í sólarsellu vegna gangnamannahússins við Hald frá þremur aðilum. Komið tilboð frá Fjarorku. Áfram unnið í mati á kostum og kostnaði við rafvæðingu Haldsins.
- e. Erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga vegna láns til viðbyggingar Skógasafn. Það samþykkt, undirritað af öllum fulltrúum hreppsnefndar og eftirfarandi bókað sem afgreiðsla á því:

*Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita stofnun/félagi sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins:*

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Héraðsnefndar Rangæinga og Hérðarsnefndar Vestur-Skaftfellinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 120.000.000 kr. til 15 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Byggðasafninu í Skógum. Sveitarstjórnir Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af

vanskilum. Er lánið tekið vegna viðbyggingar við móttöku byggðasafnsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórnirnar skuldbinda hér með sveitarfélagin sem eiganda Byggðasafnsins í Skógum til að breyta ekki ákvæði samþykka Byggðasafnsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að sveitarfélögin selji eignarhlut í Byggðasafninu til annarra opinberra aðila, skuldbinda sveitarfélögin sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Agli Sigurðssyni, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Ásahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánessamninginn.

## 7. Önnur mál.

- a. Óskað eftir fulltrúa Ásahrepps í byggingarnefnd viðbyggingu Lundar. Björgvin G. Sigurðsson skipaður fulltrúi Ásahrepps í nefndina.
- b. Viðauki að fjárhagsáætlun verði tilbúinn fyrir næsta fund hreppsnefndar.
- c. Karl Ölvisson spyr um lagningu reiðvegar með Sauðholtsveginum og hvernig það mál standi, en það var ákveðið að fyrri sveitarstjórn. Samþykkt að fela sveitarstjóra að kanna málið.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl 18.20.